

## Áskorun til bæjar- og sveitarstjórna á Vesturlandi vegna viðræðna Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þessa dagana standa yfir samningaviðræður Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamnings skólastjórna sem rennur út í lok mánaðarins eða 31. maí nk.

Með þessari áskorun vilja skólastjórnendur á Vesturlandi vekja athygli bæjar- og sveitarstjórna á stöðu mála varðandi kjarasamninga skólastjórna og á starfsaðstæðum skólastjórna.

Starf skólastjórna hefur breyst gríðarlega á síðustu árum og mörg ný verkefni bæst við þau fjölmörgu sem fyrir voru. Þar má nefna innra og ytra mat, skólanámskrágerð, stjórnsýslulög og áhrif þeirra á ráðningar auk skýrslugerðar af ýmsum toga.

Kröfur frá foreldrum og nærsamfélagi hafa á sama tíma aukist verulega. Fjölbreyttur félags- og tilfinningalegur vandi meðal nemenda fer vaxandi. Úrvinnsla þeirra mála og eftirfylgd er vandmeðfarin og verður stöðugt flóknari. Kallað er eftir auknu samstarfi við aðila utan skólans, s.s. leik- og framhaldskóla, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld, íþróttafélög og félagsmiðstöðvar.

Helsta skylda skólastjórna er að vera faglegir leiðtogar. Þeim er ætlað að leiða sínar stofnanir í gegnum ólík verkefni og ná árangri með nemendum sína í ólíkum mælingum svo sem í samræmdum prófum og PISA auk mælitækja innra og ytra mats. Með þessum kröfum eykst álag á skólastjórnendur jöfnum höndum og starf þeirra er orðið miklu viðameira en áður var.

Vorið 2014 samdi Félag grunnskólakennara við samninganefnd sveitarfélaga um nýtt vinnumat í grunnskólum. Í samningnum felst þó í raun að skólastjórnendur eiga að innleiða vinnuálag og framfylgja nýjum kjarasamningi kennara. Nú þegar liggur fyrir að vinnuálag á skólastjórnendur vegna þessa samnings er umtalsvert og ætla má að það aukist enn frekar þegar hann kemur til framkvæmda strax næsta haust.

Launahækkanir kennara í tengslum við umræddan kjarasamning fela í sér að margir kennarar munu fara upp fyrir stjórnendur í launum og þar með dregur úr hvatningu til þess að kennarar sækist eftir að sinna þeim ábyrgðarstörfum sem skólastjórnun er. Til lengri tíma litið hlýtur að veða erfitt að manna stjórnunarstöður með hæfu fólki við slíkar aðstæður.

Nú þegar er staðan sú að margir skólastjórnendur íhuga að segja upp stöðum sínum enda væru þeir jafnvel hærra launaðir sem almennir kennarar. Þar að auki er erfitt að sjá hvernig hægt verður að framfylgja óskum um framkvæmd kjarasamninga í anda vinnumats á meðan að ekki hefur verið gengið frá kjarasamningi við stjórnendur sem eiga að leiða þá framkvæmd.

Við skorum því á bæjar- og sveitarstjórnir á Vesturlandi að gefa skýr skilaboð til þeirra sem sjá um að semja fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga og beita sér fyrir því að

Skj.nr.	Mótt. af	Mótt. dags.
1. 20	GSÓ	01 JUNI 2015
Áb.m.	Úrv.aðili	Afrit
RA	SAS	RA/SAS
Símtal	Tölvup.	Fax
		GG/SH
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
		St.A
Málsnr.		
One 1506003		

stjórnendur fá a.m.k. sambærilega hækkun á launalið og kennarar hafa fengið og þar með sé tryggt að stjórnendur séu með hærri laun en kennarar.

**Skólastjórafélag Vesturlands**